


Jón Guðmundsson:

Úrlausn.

636.089

Ru. 1858.



ÚRLAUSN

Á SPURNINGUNNI:

HVERNIG GETA AFLEIÐINGAR FJÁRKLÁÐAFARALD-
URSINS Í SUÐURAMTINU ORÐIÐ SEM SKAÐA-
MINNSTAR FYRIR ALMENNING?

SÆMD HEITNUM VERÐLAUNUM

AF

SUÐURAMTSINS HÚSS- OG BÚSTJÓRNARFJELAGI.

Landsblóðsaga

REYKJAVÍK 1858.

PRENTAÐ Á KOSTNAÐ SUÐURAMTSINS HÚSS- OG BÚSTJÓRNARFJELAGS,
Í PRENTSMÍÐJU ÍSLANDS. E. ÞÓRÐARSON.

ÜRFAUSN

Á SPUNNINGU:

HAERNG GETA ALEIDINGAR KAERLIDARARAD-
URSIG I SUPURAMTINU ORBID SEM SKADA-
MINNSTAR KYRIR AEMKUNNG

AND HETTON VEIDUN

71

ALDERMUNNS HES OG HESTORARADLAG

BEYLAUIN 1858.

PRINTAD OG BUNDINNS HES OG HESTORARADLAG
I HESTORADLAGS HES OG HESTORARADLAG

„Neyðin kennir naktri konu að spinna“.

Þegar á að framsetja reglur og ráðleggingar, er leysi úr þessu umtalsefni, þá finnst mér ekki fjarri, að skoða í nokkurskonar inngangsorðum, hverjar sju þær afleiðingar, sem einkum má óttast í þessu efni.

Þessum afleiðingum má sjálfsagt skipta í 2 greinir eður flokka; því fyrst leiðir af kláðanum eða fjárfelli þeim, er hann veldur, rírnun í málnytunni, rírnun í vetrarfordanum af sláturfjenaðinum, og rírnun í kaupstaðarvörunni, sem nauðsynjavörur útlendu skal fyrir kaupa, einkum kornmatinn; með einu orði: af fjárkláðanum hlýtur að leiða mikla og ómetanlega rírnun í matbjörg og bjargræði sveitabúendanna sjálfra; í annan stað leiðir af fjenaðarfellinum almennan atvinnuskort bæði til sveita en einkum við sjóinn, — til sveitanna, af því vinnufólks þarf því færra við, sem færri er orðinn fjenaðurinn til að vinna fyrir og hirða; — við sjóinn, af því að sveitirnar útiloka sjáfarmanninn að miklu eður öllu leyti frá kaupavinnunni, er þær nú ekki þurfa við sðan fjenaðurinn er fallinn, þar til hann kemur upp aptur, en kaupavinnan hefur verið mjög verulegur atvinnuvegur fyrir sjáfarmanninn hjer víðs vegar um kring, bæði af því, að hann hefur staðið opinn svo ótal mörgum eða öllum almennungi í sjóplázunum, og af því hann hefur gefið sjáfarmanninum það í aðra hönd, sem hann nauðsynjar mest um að sækja til sveitanna, það er: feitmeti og skurðarfje.

Þó að nú af þessum tveimur aðal-afleiðingum leiði, auk fyrir-sjáanlegrar almennrar neyðar og báginda, það, sem Þjóðólfur okkar bentí til fyrir skemmstu, að fjöldi manna úr sveitinni streymdi til sjóplázanna til þess að reyna að ná þar bólfestu, og þó nú bæði þetta og atvinnuskortur sjáfarmannsins, er leiðir af kaupavinnuleysinu, eins og fyr var sagt, hljóti að olla hinum mestu sveitarvand-ræðum í sjóplázunum, þá álfít jeg samt þetta atríði út af fyrir sig standa nokkuð fjar því ætlunarverki, sem hjer er ætlazt til, og ætla jeg því blöðunum og lögreglustjórninni og forstjórum sveitanna í sjóplázunum að sjá út hinn bezta veg til að ráða úr því með árvekni og hyggilegum samtökum í tækan tíma.

En aptur er það bjargræðisskorturinn og atvinnuskorturinn, er verða hinar almennustu og tilfinnanlegustu afleiðingar af fjenaðarfækkun þeirri, er sjárkláðinn hlýtur að hafa í för með sjer, og hygg jeg að hið heiðrada Húss- og bústjórnarfelag vort hafi einkum ætlazt til, að fá einhver ráð við þessu tvennu, þau er gætu orðið til hugvekju fyrir almenning, og til einhverra nota fyrir þá, er nýta vildu.

Það er nú mjög hætt við því, að viðleitni meginþorrans sveitabændanna til þess að bæta úr bjargræðisskortinum, en sem fyrri, lendi þar við fyrir flestum, að bændurnir gjöra sig og vinnumenn sína út til sjáfar á flestum eða öllum árstímum, nema um sjálfan sláttinn. Það er nú margbúið að sýna okkur sveitabændum fram á þetta óráð bæði í ræðum og ritum, en hefur viljað hafa lítið upp á sig til þessa. Það hefur lengi lodað við alþýðu vora, og lódir en við helzt til of marga bæði æðri stjettar menn og lægri, að þeir meta fyrirtækin, hver sem eru, mest og best eptir því, hvað til þeirra þurfi að kosta í upphafi, af framlögðum kostnaði, eða því, sem beinlínis þarf út að kaupa, og þótt þau fram bjóði augsýnilegan og viðvarandi arð og verulega hagsmuni, þá eru þau fyrirtækin einatt gefin frá sjer, en til hinna gripið og þau optast látin sitja í fyrirrúmi, er litlu sem engu þarf til að kosta, því ógæfan er sú, að vinnuna telja menn ekki kostnað eður tímann, sem til hennar gengur, heldur það eina, sem beinlínis þarf út að kaupa, og er því ekki spurt um það, hvort af þeim fyrirtækjum hljóti ekki að leiða miklu fremur skada en ábata, þegar á allt er litið. Jeg má því miður ekki fara langt út í að sanna þetta með dæmum; en svona er það með þessa takmarkalausum og hugsunarlausum útgerð manna til sjáfarins úr sveitinni, menn einblína á þetta dalatal, sem kaupmaðurinn gefur fyrir fiskinn ef aflaðist, og hvað handhægt það sje að grípa til þess í búiðinni, en gæta ekki hins, hvað í sölurnar er lagt. Það er því í alla staði þess vert, að menn gjöri sjer ljóst, hver sje meðalardur og tilkostnaður sveitabóndans af því að gjöra út mann til vetrarvertíðar, en hún er þó jafnan arðsamasta vertíðin upp og ofan.

Tilkostnaðurinn er þessi:

| | | |
|------------------------------|-------------------------------|--|
| Smjör, útgjörð til 14 vikna | fjórðungur til hverra 3 vikna | er $4\frac{2}{3}$ |
| fjórð. á $2\frac{1}{2}$ rdl. | | 11 $\frac{2}{3}$ 2 $\frac{1}{2}$ „ β |
| Sauðarfall | | 2 - 3 - „ - |
| | Flyt | 13 - 5 - „ - |

| | |
|--|-----------------------|
| | Fluttur 13 ½ 5 ½ „ 13 |
| brauð og fiskur, fjórðungur til viku er 14 fjórðungar | |
| af hverju og hver á 4 ½ ¹ | 9 - 2 - „ - |
| skinnklæðaslit og skæðaskinn | 2 - 3 - „ - |
| hrognkelsanet og veiðarfæri | 2 - „ - „ - |
| húsavist og vökvun, 2 fiskar um vikuna = 28 fiskar | 3 - „ - „ - |
| verkun hlutarins | 2 - 3 - „ - |
| salt í hlutinn, 2 tunnur | 3 - 2 - „ - |
| vinnumissir ² í 14 vikur að minnsta kosti 40 sk. á dag (að frádrögnum 19 helgum dögum) | 32 - 5 - 4 - |
| Tilkostnaður samtals = | 69 - 2 - 4 - |

| | |
|---|--------------|
| Þar á móti er arðurinn af betra lagi meðalhltum um vetrarvertíð, er jeg töl 300, þar af 250 af þorski = 2½ Sk ⁷ af saltfiski á 18 rdl. | 45 - „ - „ - |
| 50 fiskar af smáfiski = 3 fjórðungar | 2 - „ - „ - |
| 300 höfða, sundmagar og hrogn | 3 - 3 - „ - |
| Lýsi úr 300 fiskum 2 kútar | 3 - 2 - „ - |
| Arður samtals = | 53 - 5 - 3 - |
| Af þessu má sjá að arðurinn vegur ekki upp á móti tilkostnaði | |

¹) Það kann að þykja heldur frekt að telja fiskafjórðunginn á 4 mark, en brauð-fjórðungurinn er líka mikið meira, þar sem ofnbrauð eru brúkuð, eins og nú er orðið títt víðast hjer syðra. Það kann og að þykja vel í lagt, að ætla sjómanni fjórðung til viku eptir það farið er að fiskast, því þá lifir hann meðfram á soðningu og slógi, en þess er þá að gæta, að hluturinn sjálfur eða afli mannsins rírnar að því skapi.

²) Vinnumissir sá, sem hjer er reiknaður, virðist mega setjast niður til helminga, af því vart þarf að ráðgjöra um þann tíma árs (sjálfa vetrarvertíðina) meira daglaunakaup en 2-3 fiska á dag eður 20 sk. auk góðs fæðis, en það er hjer reiknað til útgjalda í útgerðinni. Þetta mundi nú breyta áætlun höfundarins svo, að sem næst mundi standast á tilkostnaður og arður af útgerð til vetrarvertíðar, enda þótt hjer sé ráðgerður í betra meðallagi hlutur og má ske fremur of en van í lagt bæði með vigt og verð saltfisksins; en þetta raskar samt ekki því, er höfundurinn virðist einkum að hafa ætlað sér að sanna, með þessari áætlun, nefnilega: að þar sem vetrarvertíðar afinn, sem er arðsamari en á hinum vertíðunum, gjörir ekki betur en að jafnast við tilkostnaðinn, þá sé það auðsjáanlegur skaði að gera út menn úr sveit til róðra haust og vor, þegar bæði er minni aflavon, og arðsamara að vinna heima heldur en um há vetur.

Athugasemð ritdómendanna.

³) Það er óneitanlegt að aðsetinn og duglegur maður getur öðru hverju fengið sjer daglaunavinnu um vetrarvertíðina þegar landlegur verða miklar, en þegar svo er, þá er hluturinn optast talsvert minni en hjer er ráðgjört og þess vegna þykir rjett að sleppa arðinum af þeirri vinnu.

adnum, heldur vantar til sem næst 15—16 rdl., og er þó hjer ráðgjörður meðalhltur í betra lagi, eða sú hlutarupphæð, sem engangveginn er algeng eða almenn nema í hinum betri hlutarárum. En verði þetta upp á um vetrarvertíðina, hvað skal þá segja um að gjöra út fullkomna menn úr sveit til vor- og haustvertíða? Það er auðráðið, að um þær vertíðirnar er fullkominn maður úr sveit ekki matvinnungur við sjó opt og einatt, að jeg ekki ræði um 2 næst af gengnu haustvertíðirnar hjer á innesjunum, því allir sjá, að 2—3 hundraða hlutur af haustfiski nægir eigi til að sæða manninn og skinnklæða, auk heldur til þess að bæta að auki vinnumissirinn, og þó að vorvertíðirnar sjeu optar arðsamari yfir höfuð að tala og gefi meiri hlutarupphæð, þá er aptur en meira vert verkfall fulltíða manns frá Lokum og til Jónsmessu, heldur en það er um allan annan tíma árs að fráteknum slættinum, því hvað margt og verulegt má ekki vinna til jarðræktar, garðræktar, bygginga og jarðbóta um vortímamann, er gefur sveitabóndanum margfaldan arð við vorvertíðarhlutinn? Það sem hjer er sagt um útgerð manna til sjáfar er einkum sagt til sveitarbændanna; um sjáfarbændurna skiptir öllu öðru máli, því sjáfarútvegurinn er þeirra aðalatvinnuvegur, og er því rjett og edlilegt, að þeir stundi hann sem bezt á öllum tímum árs, og verður sjáfarmanninum það einatt eins arðlítið eða til skada að fara sjálfur eða láta alla vinnumenn sína fara í kaupavinnu, og halda ekki úti báti til fiskjar sumarið út, þó ekki sje að róa nema út í þarann — því það er drjúgt er daglega drýpur, og dagleg soðning er málnytja sjáfarbóndans — eins og sveitammanninum að gjöra út menn að sjó, því hvorirtveggja raska þar með aðalatvinnuvegi sínum, í stað þess að öllum verður það affarabest og notadrjúgast að gefa sig allan og sem mest við aðalatvinnuveginum, hver sem hann er, og stunda hann af alefli, og fer fyrir hverjum manni, sem það ei gjörir, eins og fyrir smiðnum, sem hefur mörg járn fyrir aflinum í senn, að þau sviðna og ónýtast öll eða nokkur þeirra; sú hefur og raun á orðið fyrir mýmörgum sveitabónda að landbúnaði hans, fjárstofni og öllum heimilishag hefur kopað fyrir þetta, að hann hefur verið svo gjarn til að hafa annað járníð í eldinum hjerna við sjóinn, hefur tekið alla gagnsmennina frá heimilinu, sjálfan sig og aðra, og sett suður að sjó, en búsmalinn hefur verið heima hirðingarlístill í vorköstunum, enginn verið heima fyrir, sem vel væri fær um að hirða sjenadinn og hagtæra heyjunum svo að vel færi og eptir þörfum sjenadarins, en hann hef-

ur fyrir það einatt fallið hjá mörgum manni í vorköstum, og skriðið magur fram og gagnslítill til sumar-afkomu, en heyin gefizt upp eða gengið til þurðar eigi að síður; ættu bændur að athuga þetta vandlegar, heldur en gjört hefur verið, og er fyllilega víst, að mörg skepnan hefur fyrir það fallið á vorum hjá mönnum einkum genlingar, og mörg ærin orðið fyrir það lambsgota og nytlaus að sumrinu til, að karlmannalyðurinn hefur skilið sjenadinn eptir heima frá því um miðgöu og fram úr gegn hirðingarlítinn eður hirðingarlausan; og þegar nú arðurinn af göðum vetrarvertíðarafla er svo ónógur til að bæta sveitabóndanum allan beinlfnis tilkostnað og einfalt verkfall, eins og fyr var sýnt, þá mega allir sjá, að ekki er tilvinnandi fyrir þann arð svo svipulan og óvissan, sem hann er, að tefla svona á tvær hættur, eins og svo margir af okkur sveitabændunum hafa gjört með aðal bústofn og bjargræðisveg sinn. Menn kunna nú að svara þessu á þá leið, að ekki þurfi að óttast sjenadarvanhöldin heðan af, þó allir úr sveitinni þjóti að sjónum til róðra, úr því sauðsjenadurinn sje nú fallinn svo freklega; en von bráðar gefur guð að úr því rjettist aptur, og væri þá betur, að ekki sækti í sama hordinn og hirðuleysið hjá oss með sjárhirðinguna, enda vil jeg spyrja: er ekki ótal margt að gjöra í sveitinni, sem gefur vissari og meiri arð heldur en útgjörðin? túnasljettun og girðing, plægning, framskurður mýra og vatnsveitingar á slægjulönd, að búa til væna og góða kálróu- og jarðplagarða á hentugum stöðum o. s. frv., því allt þetta gefur vissan arð af sjer árs árlega, þegar verkið einu sinni er unnið, það gefur vissa og notasæla matbjörg árs árlega heima í hlaðvarpanum; allir vita það, hve mjólkinn eykst og kýr-málmytan fyrir það ef taðan eykst, en hún eykst ef túnin eru sljettuð og umgirt; málmytan eykst og ef engjar eru svo bættar að þær gefi nautgæft úthey, en þetta má með framskurðum og vatnsveitingum. Það er ekki smáræðis bjargræðis-auki í búni ef haldið verður einni velmjólkandi kú fleira en fyr var, því ekki er það orðum aukið, sem J. Johnsen segir í hugvekju sinni, að hún gefi búanda beztu 100rdl. virði í mat til heimilis¹, en sje með alúð að jarðræktum unnið og

¹) Sjá Hukvekju Johnsens hls. 151—152. — Það er hrein og bein handvömm og kemur af engu öðru en öfugri og illri meðferð á kúpeningnum einkum í uppvextinum, ef göð meðalkýr mjólkur ekki árið um kring 5500 merkur, eða 275 fjórðungsfötur, nú er fjórðungsfata, eða 20 merkur nýmjólkur, 5 flska virði að gömlu lagi og talið jafngildi við flskafjórðung, kjötfjórðung eður kornfjórðung, þá væri þessi kýrnyt 1375 flska virði eður eptir verðlagsskránni í ár 143rdl.; eptir mjólkursölu í Reykjavík, hver pottur nýmjólkur á 8 sk., yrði þetta 230rdl. árlega.

lagi, þá þarf meðal karlmaður ekki að verja mörgum vertíðunum til þess, að bæta svo jörðina, að einni kúnni megi hafa fleira, heldur en fyr var, og jafnvel 2 og 3 fleira á sumum jörðum, þar sem mannaflinn er meiri fyrir.

En jafnframt því að efla jarðræktina á allan veg og bæta heyrfallið, svo að kúpeningnum megi fjölga, þá stendur ekki á litlu að bæta kynferðið hjá oss bæði yfir höfuð að tala, og svo einkum nautpeningsins; Norðri sagði hjer um árið, að sumir væru þeir bjánar, að vera að panta sauðfje úr útlöndum til þess að bæta fjárkynvort, og er þetta ekki ofsagt, og má heimfæra bæði upp á nautpeningvorn og hross, eigi síður en sauðfje, og jeg ætla að það sje engar öfgar, að hjer megi hafa upp eins góðar mjólkurkúr af innlendu kyni, mjer liggur við að segja, hvar sem er á landinu, eins og mjólkurkúr eru beztar í Danmörku, ef á það væri góð stundan lögð. En það er eins með nautarækt vora Íslendinganna eins og með sauðfjár og hrossaræktina, að menn eru fádæma skeytingarlausir um allt, er má horfa til að endurbæta kynferðið, og gjöra það jafnvel tvígilt bæði til málnytu og til frálags við það, sem nú er; en í stað þess að gjöra sjer sem mest far hjer um, eins og allir búmenn gjöra í útlöndum, þá eru kálfarnir kvaldir fram almennast bæði á lítilli mjólk og illa vönduðu fóðri, vetrungurinn hið sama, og svo bætist þar ofan á að kvígan er látin kelfast svona framkvalin, á öðru ári, ekki nærri hálfproskuð; þetta dregur úr þroska hennar og hún nær ekki fullu gripsgagni fyr en að 4. eða 5. kálfi, en hlekkist einatt svo á, að 1. og 2. kálfi, sem von er, að hún mjólkar opt og einatt ekki fyrir fóðri sínu hinar fyrstu vikur eptir burðinn, auk heldur síðar. En sje kvígunni haldið frá nauti þar til hún er 5—6 missira, þá gjörir hún þegar eptir 1 kálfburð gagn við fullkomna kú, eins og þær eru nú almennast, en sje hún vel alin kálfur og vetrungur, eða fyrsta og annan vetur, þá þrífst hún hinn þriðja vetur að kalla má á hvaða rudda sem heiti hefur, og það af skornum skammti, því það skal hver maður fá að reyna, að geld nautvetrungi eldra er þurstarminnsta og óvandfóðradasta skepna, er vjer plöntum upp á á þessu landi, og er helzt til of lítill hugur lagður á hjá oss bændunum, að koma sjer upp góðu nautabúi, einkum í þeim sveitunum, þar sem er fljóttekinn heyskapur, þótt ruddafenginn sje nokkuð¹ eins og t. d. í Ölfusi, Flóa, Landeyjum, undir

¹) Ljósá og fróðlega ritgjörð um kálfaeldi má lesa í Klausturpóstinum. -- Jeg höfundurinn hefi nokkra reynslu í þessu sem fleiru, er búskap suertir. Jeg

Eyjafjöllum, í Andakýl og Bæarsveit og víða vestur um Mýrar, og væri óskandi að sauðleysið gæti kennt mönnum að leggja meiri og betri stundun hjer á en verið hefur; því með þessu tvennu, að bæta kúakyn sitt og fjölga smámsaman kúm fyrir jarðrækt og umbætt heysfall, og með því að koma upp nautabúi meira og minna hvar sem verður, en það má víðast, þá bæta menn sjer það bjargræði og bjargræðisauka, hver heima hjá sjer, sem mjög margar sauðkindur þarf til að jafnast við, ekki síst eins misjafnlega hafðar og hirtar, sem hingaðtil hefur verið.

En hið þriðja, er má verulega og stórum bæta með bjargræði manna og afkomu, er kálræktin og einkum jarðeplaræktin þessu þokar heldur áfam, en helzt til smátt; hve margur er ekki sá hladvarpinn heima við bæ, og haugstæðin og varparnir þar útfra bæði við kvíjar, fjárhús og önnur útihús með hinum feitasta og frjófsamasta jarðveg, er liggja ár frá ári ónotuð með öllu? Jeg hefi undanfarin ár ræktað garð og brúkað eingöngu til jarðepla tæpan helming hans, það svarar 12 föðnum í hvert horn, eða 144 ferh. föðnum að flatarmáli, og hefur þessi blettur gefið mjer árlega frá 7—10 tunnur jarðepla; en eptir því sem jarðepli teljast í útlöndum, að 2 jarðeplatunnur eru jafnvirði rúgtunnunni, og eptir því sem jarðeplin leggja sig til manneldis að minni raun og annara, þá hef jeg

eignaðist kú af hina ágæta józka kúakyni frá Viðey, og var hún gjörfulegri, en kýr eru hjer almennast, komst hjá mjer snemmbær í 17 merkur eptir burð, hjelt á sjer 12—10 marka nyt fram á þorra, 9—6 á útmánuðum, komst aptur í 13—14 merkur um gróandann, hjelt því með vörnandi nyt að 5 merkum fram til rjetta, en stóð geld 3—4 vikum fyrir burð; kýr þessi sjekk eptir burðinn 3—3½ fjórðung af góðri töðu á dag; undan henni ól jeg kú, er jeg ljét ekki kelfast fyr en 5 missira; hún varð ekki ört eins gjörfuleg eins og móðirin, því móðirin var sem naut eru stærst; dóttirin komst í 10—11 merkur að 1. kálfi; úr því í 14—15 merkur og lagði saman nytjar; hún gaf mjólk bæði smjörbetri og kostbetri en móðirin og þurfti þó minni gjöf. Þriðju kúna ól jeg upp nema kálfsárið; jeg keypti vetrunginn að hausti undan hnífnum, „heldur af strítlu kyni“, að eiganði sagði; jeg ól vel vetrunginn, svo hann var voríð eptir sem kvígur almennt eru að 3. kálfi, og láðu mjer allir að jeg skyldi halda honum frá, en jeg gjörði það samt þar til á útmánuðum hinn næsta vetur eptir; eptir fyrsta kálf komst þessi gjörfulega skepna, nær því eins stór og sú józkkynjaða í 12 marka nyt, úr því í 14—16 merkur eptir burð, og álíka aptur á sumrum, lagði saman nytjar og gaf hina kostabestu og smjörbeztu mjólk með 2½—3 fjórðunga daglegri gjöf af góðri töðu. Naut hef jeg allíð undan öllum þessum kúm, gefið vel kálftum og vetrungum, en beitti þeim úr því sem gaddmerum og gefið þeim einatt garðskánirnar undan tori, barðar í sundur með sleggjum, eitt þeirra á 4. vetur seldi jeg til Reykjavíkur á vorí, Franskmennu keyptu, og vo skrokkurinn þá skipfund.

úr tjeðum kálgarðsbletti uppborið svo gott sem 3½—5 korntunnur árlega, án þess að kosta neinu til, er teljandi sje, nema girðingunni hið 1. ár; það er auðgefið hverjum búanda að búa sjer til jarðþepla-
garda án neins tilkostnaðar, er teljandi sje — jeg tel ekki áburðinn, sem þarf, ef jarðvegurinn er góður og ekki mjög næðingasamt á garð-
inum —, er gefi honum árlega frá 10 - 20 tunnur, og hvílskur matarforði til heimilis er ekki þar í fólgin og hverra aðdráttu fær maður aflað með jafnlitlum tilkostnaði? vinnumaðurinn aflar í bezta lagi alla vorvertíðina, ef afli hans nær 6 vættum matfisks eður 20 rdl. virði, og þegar þar frá er dreginn allur kostnaður, þarf aflann vart að telja meira en 14 rdl. virði, en hvað vænan og mikinn jarðþepla-
gard getur sami vinnumaður ekki undirbúið heima í hlaðvarpanum eður annarstaðar, ef vorvinnu hans væri til þess varið¹. Jeg ætla að fara færri orðum um kálrófu ræktina, því hún er orðin miklu almennari og hoppnast víða vel; jeg ætla að eins að víkja fám orðum að því, að margir leggja litla rækt við að matnýta kálið sjálfst og segja það ljettmeti og ekki til annars en „jeta innan úr manni“

¹) Hið takmarkaða rúm leyfir ekki að taka hjer fram ýmsar reglur við jarð-
eplarekt eða hvað þarvið þurfi að varast; — allir kálgarðar þurfa að vita heldur móti sól — austri, suðaustri, suðri, suðvestri, heldur halla en hitt í sólarátt, bæði til þess að betur njóti sólarýlsins, og einkum svo að ekki nái leysingavatn að staðnæmast í garðinum um vetur eða vor; við jarðþeplin á rök jörð miklu síður en við kál, en allra sízt má garða leggja þar sem kalda verzl eða djfa-vera er í jarðvegnum; því rauðaleirbornari eða járn móðukendari sem jarðvegurinn er, þess frjófgunarminni er hann til jarðþepla og kálræktar; aurjörð er mjög frjófgun-
arlaus; allan þessleiðis jarðveg, ef ekki væri annan betri að fá, sem óvíðast er, þarf að blanda meir en að 2/3 með góðri mold t. d. úr móum, en einkum veggja mold, mykju, helzt reiðhestataði og svo smásandi úr fjöru, helzt hinum hvíta skeljasandi, ef til er, úr árfarvegum o. s. frv. desin eiga að liggja upp og ofan eptir hallanda garðsins og raðir jarðþeplanna til „buppíngar“ hið sama; lúá verður jarðþeplagarð einu sinni eða tvisvar eptir því sem jarðvegurinn er arfasæll; óvíðast gjörist þess þörf, sízt þar sem er sendinn jarðvegur, að reita nema einu siuni, 5 —6 vikum eptir að jarðþeplin eru sett og þá huppað jafnframt; setja skal jarð-
epli í öndverðum Maí með 1½ fets millibili og upp taka milli Hófuðdags og Mikka-
elsmessu. Jarðþeplin skal alls ekki þurka, allt hvað þau oru tekin upp í þurru veðri og garðmoldin er ekki í klessum utan á þeim, heldur bera þau af spaðan-
um, sem þau eru stungin upp með og inn í hús það, er þau skal geyma: með svo feldu móti verjast þau skemmdum og spírum miklu betur heldur en ef þurkuð eru; jarðþepli mega alls eigi frjósa á vetrum, en of mikill hiti, t. d. megn fjóshiti veldur og að þau spíra um of og skemmast; bezt er að geyma þau í ílátum í kjall-
ara: ættu fleiri hjeröð að taka það eptir Árneseingum að búa þá til innan bæjar, bæði til að geyma í jarðþepli og annað.

og víst megum vjer sanna það, sem eldri erum og munum vel harð-
ærin og aðflutningaleysisárin 1809—1813 og sultinn og seyrna, er
þá gekk hjer yfir land, — í harðærunum, um aldamótin og fyr, var
eigi um kál að ræða, því þá hafði nálega enginn maður kálgarða hjer
til sveita — að þá þótti kálið ljettmeti og fleira þessleiðis, er neyð-
in þrýsti fátæklingum að leggja sjer til munns einmata; en þetta kem-
ur af því að til kálsins og annars slíks ljettmetis er ekki gripið
í tíma og haft til að drýgja með annan betri og saðsamari mat
meðan til er, t. d. (svo jeg líka verði búrsnati!) saman við grauta,
kökur, skyr, í spaðsúpur o. s. frv.; hið sama er að segja um sölin;
velverkuð söl er beztu matur með öðrum mat og gefa þá fulla
næringu; þó ljettmeti sjeu einsömul, og eins er um kræklinginn og
annan saltfisk, sem nægð er af svo víða við sjóinn, og má verða til
hins mesta og bezta bjargræðis auka, ef í tíma væri til þess gripið,
áður en fátæklinga þryti annað bjargræði með fram. — Jeg á nú
ekki orð yfir hina hróplegu forsómun almennings hjer á Suðurlandi
í því að fara á grasafjall, sem var svo títt hjer allt fram á næstlið-
in aldamót, og almenningur kvað enn gjöra á Norðurlandi; hjer um
allar suðurnesja heiðarnar, um Bláskógaheiði og Botnsheiði er hin
bezta grasatekja, og hefur mjer einatt á kaupstaðarferðum mínum
blöskrað að sjá næga og fljótfengna fæðu sótum troðna og af engum
nýtta, er svo mörgum manni má verða til beztu bjargar.

Það er nú margt fleira en þetta, sem hafa má til bjargræðisbóta,
er jeg vil drepa á lítið eitt, áður en jeg vík mjer að þeim efnum,
er einkum heyra aukningu atvinnuveganna til, og er það fyrst, að
menn tíðki meir og almennar fuglaveiðar, heldur en verið hefur,
einkum það að fara upp til eyðifjalla á sumrum og slá álpitir og
grágæsir í sárum, eða fyrir þann tíma, sem fuglinn verður fleygur,
því þar með má bæði afla mikils og góðs bjargræðis auk fiðursins
og hamanna; það má sjá af annálunum, að þetta hefur verið alsíða
hjer á landi á fyrri öldunum og jafnvel einnig að leggja net fyrir
grágæsir eða veiða þær með einskonaðrætti, þegar þær koma hjer
fyrst að vorinu (sjá t. d. Biskupa-annál Jóns Egilssonar, Safn til sögu
Íslands I. bls. 61.); þessi bjargræðis útvegur hefur ekki verið tíðkað-
ur um mörg ár undanfarin hjer á suðurlandi, að því mjer er kunnugt,
fyr en í fyrri þegar Hvolhreppingar sóru til álpadráps norður á
Holtamanna-afrijet og Biskupktungnamenn norður á sína afrijetti í
hitt eð fyrri¹).

¹; Jeg hef heyrt að Biskupstungnamenn hafi þá slegið nálægt 120 álpitir, en þeir

Það kann að þykja að jeg hafi leitt hjá mjer um bjargræðisaukan, er almenningur má særa sjer í nyt víða í sveitum og hafa mikinn og góðan styrk af, þar sem er laxveiði og silungaveiði og talið fyrir sumt af því, er minna er verið í; en það kemur til af því, að jeg álit, að önnur grein þessa bjargræðisstofns, nefnilega laxaveiðin, megi ekki að eins verða miklu meiri bjargræðisstofn en verið hefur, svona fyrir einstök heimili, heldur einnig nýr og arðsannur atvinnuvegur. Silungaveiðin er ekki stunduð nærri að því skapi sem mætti, hvorki í hinum mörgu vötnum og ám á landinu, sem víða eru fiskisæl, en þó allrasízt nú á hinum seinni árunum í hinum miklu og fiskisælu vötnum í Óbyggðum, Fiskivötnum í Óbyggðunum fyrir norðan Torfajökul, og í hinum miklu og mörgu vötnum á Arnarvatnsheiði. Það er nú kunnugt af Grettissögu og fleiri sögum, að fornmenn fóru til veiða til vatnanna á Arnarvatnsheiði, höfðu þar skála og láu þar við jafnvel á öllum tímum árs; en þessu ætla jeg að nú um lánan tíma hafi alls ekki verið sinnt að neinu, þar til í hitt eð fyrra og jafnvel í fyrra, að Borgfirðingar fóru norður til þeirra vatna, mjer hefur tekizt eptir á áliðnu sumri, og haft þar kjörveiði. Bæði um síðari hluta næstliðinnar aldar — lengra fram í tímann veit jeg eigi með vissu —, og framan af þessari öldinni fóru Skaptártúngumenn og eins Holtamenn og aðrir Rangvellingar til Fiskivatna og láu þar við í tjöldum, part úr sumrinu, og höfðu þar báta hvorirtveggju, og höfðu góða veiði, en eigi veit jeg hvort þeir stunduðu veiðina í sömu vötnunum hvorirtveggju, því vötnin eru mörg, en skilvís bóndi, er sór þangað til veiða sumar eptir sumar, sagði mjer, að ef menn sætti þeim tíma, er silungur gengi í þau vötn, en það hugði hann helzt vera um sumarsólstöður¹, því á tímabilinu milli 20. Júní og 7 Júlí hitti hann urriðann örastan og með gljáandi silf-

fleygðu öllum matnum (maturinn af álpinni er að gömlu lagi metinn jafngildur haustlambi), en fluttu ekki annað heim en haminn; svona geta hinir betri bændur vorir verið hugsunarlausir og skeytingarlausir um að fjenfta bezta bjargræði, ef það er ekki sveitarsíður (!) — annaðhvort sjálfum sjer í hag, eður til að miðla þurfandi mönnum.

¹) Jeg get þessa svona til fróðleiks og athuga fyrir náttúrufróða menn, því allir vita að nálega í öllum smærri og stærri stöðuvötnum í byggð, nema í Þingvallavatni, gengur silungur ekki almennt fyr en nóttina fer að dimma, og væri eptirtektavert, ef silungur gengi miklu fyrr í Óbyggðum, eða um sama leyti og lax gengur úr sjó; jeg hef fengið silung úr Fiskivötnum, er veiddist um lestir og var hann auðsjáanlega nýgenginn feitur urriði, mjög jafn að stærð, frá 5—8 marka að vikt, í styttri og þykkari að sjá en viðlíka þungur urriði í byggð.

urhreystri svo lausu að af mátti strjúka, og ef veiði væri þá stund-
 uð þar með því að liggja þar við með góðum netum, og það fram
 undir Ágúst mánuð eður lengur, þá mundi mega hafa þar upp hinn
 mesta afla. Það má nú verða til mikils stuðnings við að taka upp
 veiði að staðaldri í vötnunum á Arnarvatnsheiði, að Húnvetningar
 byggðu þar í grend, að jeg ætla, skála í fyrra, þegar þeir voru í
 fyrirsátrinu mikla fyrir fjárkláðanum, og ættu Skaptfellingar, einkum
 Skaptártungumenn, og Rangvellingar, einkum Holtamenn og Land-
 menn að sameina sig um, að byggja skála norður við Fiskivötn; síð-
 an ætti þar að liggja við til veiða um sumartímann eldri menn, rosknir
 og ráðnir, er síður væru færir til heyvinnunnar með liðugum úngl-
 ingum til snúninga og aðstoðar bæði við matreizlu og annað, og
 mætti þetta verða þeim hjeruðum hinn bezt bjargræðisstofn og miklu
 arðsamari, heldur en mörg manns útgjörðin til sjáfar.

En þó ætlum vjer að enn meiri arð og almenna atvinnu mætti
 hafa upp úr laxveiðinni, því lax mætti verða ein hin bezta og
 arðsamasta verzlunarvara, ef útlendingar færi að sækja hingað til
 laxkaupa, eins og Englendingar gjörðu í fyrra til Borgarfjarðar. Það
 er ekki lítilsvert hafi það hjerad tekið inn á einu sumri 5000 rdl.
 fyrir lax¹. Jeg er fullviss um, að allt að því eins mikla laxveiði má
 hafa bæði í Þjórsá og Ölfusá, fjar og nær sjó, eins og í Hvítá í
 Borgarfirði og jafnvel einnig í Kúðalljóti, ef eins mikil stundun væri
 á lögd í þeim hjeröðum, eins og Borgfirðingar eru nú farnir að gjöra
 umhverfis Hvítá, Norðurá og Grímsá. En af því engir menn hjer
 eystra eru búnir að komast upp á veiði aðferð Borgfirðinga, nje að
 búa til veidarfæri þau, er þeir hafa, þótt þau sje öll með sama lagi,
 sem lýst er í ritum Lærdómslistafjelagsins, en sjón er jafnan sögu
 ríkari, þá væri óskandi, að einhverjir þeirra búenda, er bezt liggja
 við Laxveiði í Þjórsá og Hvítá í Árnessýslu, tæki sig til í sumar og
 sendi esnilega únga menn, 2–3, vestur til Borgarfjarðar til þess að
 nema tilbúning veidarfæranna og þessa veiðiaðferð af þeim Andrjesi
 á Hvítárvöllum og Teiti á Hvanneyri.

Annar atvinnuvegurinn, sem mjög mörgum sveitum má til mikils
 arðs verða eins og nú er komið, er sá, að koma upp stóðhrossum.
 Sumar sveitir hjer sunnanslands hafa hina beztu vetrargöngu fyrir

¹) Blaðið Þjóðólfur hefur nú sagt oss, að Englendingum sje nú meinuð þessi
 laxverzlun, eins og þeir höfðu hana hjer í fyrra, en vonandi er, að það bann standi
 eigi lengi, enda líka þó svo væri, að einhver Englendinga John Richie eða aðrir
 taki sjer hjer borgara aðsetur, svo að þeir megi stunda laxverzlunina með frjálsu.

hross; í Borgarfirði, allar hinar syðri sveitirnar: Leirár- og Melasveit en einkum Skilmannahreppur og vestari hlutinn af Strandarhrepp; í Kjósarsýslu: Kjalarnes og Mosfellssveit, og í Rangarvallasýslu: Landeyjarnar hvorartveggja, einkum hinar eystri, Fljótshlíð, Hvolhreppur, Holtin og ytri hluti Eyjafjalla. Þegar jeg nú nefni það atvinnustofn, að koma upp stóði og hrossum í tjeðum sveitum og víðar, þá er ekki sú mín hugsun þar með, að menn skuli stunda stóðrækt eins og að undanfögnu hefur verið, bæta að eingu kynferðið, hafa flókatryppi á 2. vetur til meranna, láta þær fyljazt þegar vill, og svo allt drepast úr hor og hungri, ef ekki getur lifað „uppá guðs náð og gaddin“; nei þetta dugir ekki. Utlendir menn, er sjá hross vor Íslendinga og hafa keypt þau og flutt út, dászt að hinu ágæta kynferði þeirra, og eigi dylst það fyrir þeim, er sjá það fyrir sjer á hverri þúfu í sínu landi, að kynferði allra þeirra skepna, er menn hafa sjer til uppeldis og atvinnu, er bætt á allan veg, bæði að allri meðferð, og einkum með því að vanda sem bezt allt, er að tímguninni lýtur, að það er nauðsynlegt við hrossaræktina að móðurskepnan sje orðin þroskuð, en graðhestarnir bæði valdir af hinu bezta kyni, aldir og eigi til hryssu hleypt, fyr en þeir hafa náð fullum þroska; að jeg nú ekki ræði um það skeytingarleysi, að hafa hrossin skýllislaus á vetrum og ætla þeim ekkert fóður annað en jörðina og fjöruna þar sem hún er. Mjer dettur eigi í hug að ætlast til, að menn taki allt stóð og önnur hross á stall í fyrsta föli og gefi þeim inni veturinn út, eða að lá mönnum, þótt þeir færi sjer sem bezt í nyt þau miklu hlynnindi, sem góð vetrarganga fyrir hross og fje gefur, því þessi hlynnindi eru mjög veruleg og mikilsverð, en það skiptir afarmiklu, hvort svo eru brúkaðar útigangsjarðirnar, að til stóðugra og áreiðanlegra hagsmuna sje höfð vetrarheitin, með því að vera jafnan undir það búinn að bjarga skepnunum, ef fyrir hana tekur, eða að hafa hana skepnunni til kvalar og dráps og sjálfum sjer til dómsáfellis, eins og svo ótal mörgum hefur orðið að undanfögnu¹. Eitt er það

¹) Í sveitinni, sem jeg reisti fyrst bú, er vetrarheitin verulegustu hlunnindin, þar bjó þá bóndi einn, er einnatt lá öðrum á hálsi fyrir þar, hvað þeir settu mikið á vogun og kveldu fjeð og dræpu stundum; eitt haustið kom jeg og fleiri bændur í garð hans og sagði þá einhver okkar hinna: „á þetta hey hefði þjer þótt ofsett hjá okkur hinum búsmalinn og fjárgrúinn, sem þú hefur nú“; þá svaraði bóndi: „jeg hef 2 ráð við þessu, sem þið hafð ekki af því þið viljið ekki hafa; fyrst drýgi jeg heyjið mitt og spara, með því að taka fjeð í tíma áður en fjeð er orðið strengt og dregið, því það skuluð þið vita: að það er sá mesti og bezti heysparnaður, að spara ekki að gefa í tíma, einkum lömb-

þar að auki í stóðhrossaræktinni, er jeg vil minnst á, og það er þetta, að láta stóðmerarnarganga með dilk hinn næsta vetur og gefa henni, ef tekur fyrir haga eða, ef hún megrast, inni með trippinu; þetta er minni kostnaður en margur ætlar, því ef solöld eru vanin undan á haustin, þá reynast þau einatt mjög vandfóðruð og þrífast að eins á bezta heyi, en merin með dilkinum þrífst vel á ljelegu fóðri, ef hún er ekki of seint tekin. Það má verða mörgum hjeröðum hinn beztu og ábatasamasti atvinnuvegur, að koma upp hrossum til miðlunar bæði til útlanda, því ár frá ári eykst eptirsókn útlendra manna eptir hrossum hjerðan, og eins til þeirra hjerðanna innanlands t. d. Múlasýslanna, Þingeyjarsýslu og má ske sumra hjerða vestanlands, þar sem landslag og aðrir atvinnuvegir gjöra það að, að eigi er tilvinnandi að leggja stundun á stóð; það hefur verið sýnt í blöðunum, að það er eigi smáræðis fje, sem Sunnlendingar hafa haft í aðra hönd upp úr hrossaverzlun við Englendinga undanfarin ár og mætti verða margfalt meira og almennara, ef góð stundun og skynsamleg væri á það lögð.

Jeg hefi nú hjer að framan helzt hneigt athugasemdir mínar að því, sem í bráð mætti verða til bjargræðisbóta og atvinnuauka einkum fyrir sveitabúendurnar, og hef jeg vakið athuga að þessu og ekki fleiru, einkum af því, að þetta, sem jeg nú hef tekið fram, er almenningi kunnugt, margir hafa „reynt það“ og það er svo gott sem fyrir hendi hverjum er nýta vill, og hljóta allir að álíta þetta mikilsvert, eptir því sem verið er takmörkuðum efnahag almennings hjer á landi, festu manna við gajnar venjur eða rjettara sagt óvenjur, og óbeit á að ráðast í neitt það, sem menn aldrei hafa hjer að neinu reynt og ekkert vita af að segja, nema það eina að til þess útheimtist strax í stað meira eður minna fjárútlag; til alls slíks yrði mönnum nú því tregnúnara, sem bjargræði og atvinnu þeirri, sem verið hefur, hlýtur nú að þröngva svo freklega. Það mætti telja svo mýmargt fleira, er mætti verða landsmönnum til bjargarbóta og atvinnuauka, t. d. að koma sjer upp svínunum og heimgæsum, eins og forfeður vorir höfðu almennt fram yfir Sturlungaöld, að bæta enn frekar selaveiðar og æðarvarp, sem þó er hvorttveggja í bezta

um og folöldum; þar til hef jeg langtum meiri og vissari forða handa sjenáði mínum, heldur en þið hjer sjáið í garðinum“. „Hvað er það“, spurði margur, „ef verður í harðara lagi vetur svaraði hann“, þá hef jeg hnífinn og trogið og mannhug og hjarta til þess, að brúka heldur það fóðrið en kvölja skepnurnar úr hungri og hor“!

viðgangi vestanlands, að menn legðu sig almennar eptir að skjóta fugla, einkum andir, rjúpur og álpitir og villigæsir og helsingja; er mjer kunnugt að af slíku hafa menn ekki svo lítinn plóg í einstöku sveitum.

Það væri oflangt mál, að hreifa hjer við sjávarútvegnum og hversu hann megi auka og umbæta á margan veg; jeg held það nú miklu sannara, að þó þessi atvinnuvegur sje engan veginn í góðu lagi hjer syðra, hafi hann þó tekið og sje að taka miklu meiri framförom, enda hjer á suðurnesjum, en þó einkum vestan- og norðanlands, heldur en hinn aðalbjargræðis stofn landsins fjárræktin, þótt sumir hafi verið að guma af því, að hún hafi verið í framför hjá almenningi, því það er satt, sem sagt var í blöðunum hjer um árið, að hjer á suðurlandi, hvað sem er í öðrum fjórðungum, þá á sjer ekki stað neitt það er kvikfjárrækt væri kölluð í öðrum löndum¹. En hver vill samt bera á móti, að sjávarútvegnum hjer syðra er verulega ábótavant í því, að hjer heitir ekki að sje neinn þiljubátur, er hafður verði til fiskiveiða í gæftaleysisárum, og til hákallaveiða. Það hefur fleiri en einn kaupmaður í Reykjavík sagt mjer, að þeir skyldu verða fúsir á að styrkja til þess með fjárframlagi, að koma upp einum eða fleirum þiljubátum til hákalla og þorskveiði og eiga í þeim hluti, ef fleiri vildu verða til að leggja saman, og er mein að jafnmargir esnaðir sjáfarbændur, eins og eru hjer um öll Nesin, skuli verða svo fjarskalega aptur úr í þessu efni bæði Ísfirðingum og Eyfirðingum. Það vita þó allir hjer syðra, svo að jeg taki eitt dæmi til, að margopt eru Hafnamenn búnir að afla fleiri hundraða til hlutar, þegar afli byrjar fyrst hjer fyrir innan Garðskaga, og því mundu þá eigi þiljubátar af Innesjunum geta aflað þar fram af? því mundu þeir ei geta aflað hákalla þar fyrir fram, gjörvalla vetrarvertíðina, eins og Hafnamönnum hefur sjálfum heppnast svo ágæta vel á opnum skipum. Menn segja að einatt komi þau ofveður hjer í Faxaflóa á útmánudum, að enda vænum þiljubátum sje eigi vært; þetta er satt, en þá eru góðar skipalegur víðsvegar um kring til að hleypa inn í, eptir því sem hann er stað-

¹) Skjeð getur að marga furði á, er lesa þetta, að jeg skuli eigi neitt minnst á sauðfjárræktina, það kemur til af tvennu: fyrst er það, að þetta sárfaa sje er lifr kláðann, eða sem mönnum verður fært að kaupa í skarðið, gefur enga verulega bjargarbót í bráð, og þar næst er jeg viss um, að neyðin og sjálfshagurinn kennir manni núna fyrstu 5—10 árin að hirða og fara vel með þetta fáa sauðfje.

ur, Hafnarfjörður, Vogarnir, Keflavík og Þórshöfn, og Bátsendar hinumegin við Reykjanes; þannig má álíta það ómetanlegan arð og atvinnuauka, er hafa mætti af þiljubátum, ef þeir kæmst upp.

En þá er einn atvinnuvegurinn bæði til sjós og sveitar, er menn því miður þekkja lítið sem ekkert til hjer á landi, en sem þó blasir hjer jafnvel betur við en í nokkru öðru landi, en það er þetta, að allir, sem nokkuð hafa til miðlunar, hvað lítið sem er, og hvort heldur er til sjós eða sveita, sameini sig í skipuleg fjelög, stærri og smærri, eptir því sem á stendur í hverri sveit, til þess að hafa á reiðum höndum nokkuð handa þeim að vinna, sem nú verða atvinnulausir og verða svo gott sem að halda að sjer höndum, af því hina vanalegu vinnu brestur sökum sjárfellisins. Skoðum hin þýfðu og ógirtu tún og móaflögin þar út í frá; skoðum hinar víðlendu mýrar og súaflóa, sem óskornir eru fram og óveitt er vatni af sumum en á suma; skoðum haugstæðin og slavaksvarpana fram af bæjunum og rústirn-ar hjer og hvar með súinni veggjamold, og hinar yndislegu sendnu grasgrundir víða um Suðurnes, er hvort um sig má eptir fárra vikna vinnu verða að jarðepla- og kálrófugörðum, er gefi hundradfaldan ávöxt að ári liðnu; — skoðum moldarveggina, moldargrenin, sem verið er að hrófa upp og endurbæta ár eptir ár með afartilkostnadi vinnukraptanna, er svo margfalt arðsamar mætti verja, og aptur holtin og hraunin skammt frá bæjunum með hinu bezta hleðslugrjóti, er rífa mætti upp á haustum og setja í hrúgur og síðan aka heim á sleðum á vetrum til traustra húsveggja og varanlegra; skoðum svo víða við sjó hjer syðra varir og lendingar, hversu þær þurfa mikilla endurbóta við; og þarf ekki nema að renna snöggsinnis auga yfir þetta og þvíumlíkt til að sannfærast um, að hjer er ótölulegt að vinna, er getur gefið margfalda vexti af vinnukaupi því, er lagt væri í sölu-urnar til þvilkra verka. — En það er með öll þesskonar skipuleg samtök, að þau verður að gjöra í tíma, ef þau eiga að geta dregið úr eða spornað við afleiðingum harðærisins. Það er seint að vísa umfarandi mönnum á daglaunavinnu, þegar þeir eru orðnir mætti sínum fjær af skorti og harðrjetti; það er að sínu leyti þá eins um seinan, eins og að vísa mönnum á, og hvetja menn til, að lifa á sölvum, káli, krækling og öðru ljetmeti, ekki fyr en öll önnur kröptugri matbjörg er þrotin þeim og ófáanleg. Jeg sagði að vísa umfarandi mönnum á daglaunavinnu, því vjer, sem eldri erum, munum það vel, að þetta er hin fyrsta og hryllilega afleiðing harðærisins

og einkenni þess, að fjöldi manna fer um kring og leytar sjer bjargar, hvar sem þeir geta, einkum hjá hinum auðugri góðgjörðamönnum og öðlingum, en þeir þó fleiri, er heima sitja og hvergi fara, mætti sínum fjær af bjargarskorti, af því ekkert er að vinna, er gefi málsverð af sjer, eða málsverðar von, styður svo hvað annað, þegar svona er komið, sulturinn ómennskuna og ómennskan sultinn. — Þá rísa og upp einstöku öðlingar, „er ekkert aamt mega sjá“, og miðla hinum snauðu meðan þeir geta og meira en þeir megna; veglyndi þetta er fagurt, jeg neita því ekki, en enginn getur borið í móti, að jafnframt og það svalar sultinum, þá elur það ómennskuna, í stað þess að kyrkja hana í fæðingunni, með því að verja hinum sama fjárlhut, er þannig gengur snauðum umfarandi mönnum til beina, til daglauna handa þeim fyrir vinnu, og vilji þeir þá eigi vinna, „þá eiga þeir eigi mat að fa“, eins og postulinn segir. — Þetta atriði vildi jeg einkum leggja öllum hinum efnaðri og göfuglyndari mannvinum hjer á suðurlandi ríkt á hjarta, jeg vil og leggja það á hjarta öllum jarðeigendum og öðrum lánardrottnum jarðanna, að þeir leggi fyrstir manna hönd á þetta mikla verk, er má horfa til svo ómetanlegrar frelsunar í bráð og landsheilla og framfara til frambúðar, og það með því að opna leiguliðum sínum nýja atvinnu af jarðabótum sínum á sínu býli, er þeir hvetji þá til, líkt og Haldór heitinn á Grund á Akranesi leiguliða sinn á þirli (sjá „Þjóðólf“), ekki svo með fullkonnustu verkalaunum, heldur sannjarnlegri umbun, er komi fram í linun hins árlega jarðaafgjalds; sjá allir hvílikar jarðabætur mætti hafa fram á þenna veg, og live margfalt betri og verdhærri, bæði til eptirgjalds og sölu, að jarðirnar mættu verða, ef þetta kæmist á almennt. Það væri óskandi að stjórn vor vildi ganga á undan með góðu eptirdæmi í þessu efni, eins og stjórnir gjöra í svo mörgum öðrum löndum „*til Arbeidets Organisation*“ sem kallað er, eður til að koma því í verk, að almenn vinna með góðu og föstu skipulagi stæði öllum opin, sem vilja vinna; og það er vonandi til mannvinnarins, sem nú er ædsti maður stjórnarinnar hjer á landi, herra greifa Trampe, að hann láti eigi sitt eptir liggja með tillögur við stjórnina í þessu efni, bæði að því, að hún legði þegar sjálf fram nokkurt sje, til þess að bæta jarðarskrokka þá hjer syðra, sem henni eru eignaðar, einna nýddustu hreisin, sem hjer eru til, og að því, að stjórnin jafnframt hvetti umráðendur hinna betri prestakallanna og aðra til að feta í hin sömu sporin, og lýsti því yfir, að þeir menn, er bezt


gengi fram í þessum eignum, mundi á sínum tíma verða af henni sæmdir, eins og slíkir menn í sannleika ætti skilið.

Jafnframt og jeg vendi máli mínu um þetta síðasta atriði til stjórnarmanna og jarðeigenda og annara auðmanna, vil jeg mega vekja athygli allra málsmetandi manna, er þessi orð mín kynni að lesa að því, að hjer riður mest á því, ekki að eins að „tala í tíma“, eins og hið heiðraða bústjórnarfélag nú hefur hvatt menn til, heldur að sem flestir af hinum betri mönnum leggi hönd að verki í tæk-
an tíma, áður það sjálft gengur úr greipum oss, og harðærið er búið að gjöra hendurnar máttvana til vinnunnar, — að hvetja og uppörfa og ganga í því á undan öðrum, að særa sjer í nyt í tíma hin ljettari sæðis meðöl, hinum matbjörgunum, sem en eru fyrir hendi til dryginda¹, og áður en maginn er orðinn svo tómur og aflvana, að hann hefur ekkert gagn eða næringu af ljettmetinu. En engir geta eins miklu áorkað í flestum þeim eignum, er hjer hafa verið gjörð að umtalsfni, eins og vorir mörgu og heiðarlegu prestar; því þótt jeg eigi taki mjer beinlínis í munn orð Jóns Eiríkssonar til Finns biskups, „að allir prestar landsins ætti að áminna um það frá stóln-
um, að menn taki upp og byggi til malikvarnir“, þá ætti þeir vel að muna eptir því, og láta ásannast, að þeir geta áorkað mestu til góðs allra manna, bæði í þessum eignum og öðrum, með upphvatning-
um og eptirdæmi.


Jeg tel víst, að legðist allir hinir betri menn á eitt með að mæta í tíma afleiðingum fjárkláðans í þá stefnu, sem jeg hef nú bent til, þá verða þær ekki eins tilfinnanlegar eða eyðileggjandi, eins og við horfir, eða eins stórkostlegar að almennri neyð og manndauða, eins og afleiðingarnar hafa einatt orðið af almennum fjárfelli á undan-
förnum öldum; undirbúningur undir harðæri er enganveginn góður meðal almúgans, óhóf í kaffi og ölföngum er hjer komið á margfalt hærra stig, en nokkru sinni hefur fyr verið, allt um það ætla jeg, að Íslendingum hafi aldrei verið jafn sært að mæta óári sem nú; þess ætti og nú að neyta og láta það ásannast; ef skaðinn nær að gjöra hygginn, hvort heldur er einstakan mann eða heilan lýð, þá er veru-

¹) Út af því feitmetisleysi, sem nú horfir við, einkum í sjópláunum — því allir mega sjá, að nú þurfa fæstir sjáfarmenn að ætla sjer að sækja smjörklifjarnar í kaupgjald til sveitanna — kemur mjer í hug, hvort ekki væri ómissandi að sveitar-
stjórnirnar þegar í sumar keyptu af sveitabændum tólg, er þeir flytja nú til kaup-
staða, og byrgði sig upp með henni svo sem til 2 ára; að ári flýzt talsvert minni
tólg í kaupstaði, það sanna þeir, sem lifa.

leg bót að skaðanum, og ef fjárkláðinn og afleiðingar hans yrði til þess að koma mönnum að nota og fjenýta svo ótal mart, sem ónotað er látið, að þrýsta mönnum til kostgæfni, atorku og samtaka í þeim efnum, þá væri ekki neinu að kvíða, því neyðin verður aldrei tilfinnanleg eða varanleg, ef „hún getur kennt naktri konu að spinna“.



Lbs - Hbs / Þjóðdeild



100715571-X

